

Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og skattanefnd.

1. Við 10. gr. bætist nýr stafliður sem verði a-liður, svohljóðandi: 2. tölul. 1. mgr. orðast svo: Í skuldabréfum og víxlum sveitarfélaga og Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. og skuldabréfum og víxlum sem tryggð eru með ábyrgð þessara aðila.
2. Við 11. gr.
 - a. Í stað orðsins „lífeyrissparnaðarreikningar“ í 1. mgr. komi: innlánsreikningar.
 - b. Við b-lið 1. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Verðbréf skv. 1. tölul. 1. mgr. 36. gr. falla ekki undir ákvæði þetta.
 - c. Við c-lið 1. mgr. bætist: eða í verðbréfasjóðum innan sama rekstrarfélags.
 - d. D-liður 1. mgr. falli brott.
 - e. Við 1. mgr. bætist tveir nýir stafliðir, svohljóðandi:
 - e. Hlutabréf fyrirtækja mega ekki vera meira en 70% af samanlagðri eign hversrar fjárfestingarleidar.
 - f. Afleiðusamningar mega ekki vera meira en 10% af hreinni eign hversrar fjárfestingarleidar.
3. Við 13. gr. bætist nýr liður, svohljóðandi: Við löggin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 4. málsl. 5. mgr. 36. gr. er lífeyrissjóði heimilt að eiga allt að 20% af hlutafé í samlagshlutafélögum til 31. desember 2013.
4. Við 14. gr. bætist: og ákvæði 11. gr. sem öðlast gildi 1. janúar 2010.